

Nd.

133. Breytingartillögur

[21. mál]

við frv. til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá Skúla Guðmundssyni og Lúðvik Jósefssyni.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist:
og enn fremur til lánveitinga handa fyrirtækjum, er á undanföörnum árum hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, en hafa ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda.
2. Við 2. gr.
 - a. 1. málsgr. orðist svo:
Lán samkvæmt lögum þessum skulu veitt gegn veði í fasteignum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðunum eru, landbúnaðarvélum bænda og vinnslustöðvum landbúnaðarins.
 - b. 2. málsgr. orðist svo:
Lánstími skal vera sem hér segir: Lán út á fasteignir allt að 20 ár.
Lán út á vélar allt að 10 ár.
 - c. Við 3. málsgr. bætist:
en þó séu vextirnir eigi hærri en 6½% á ári.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Seðlabanki Íslands kaupir bankavaxtabréfin, sem notuð verða til lánveitinga samkv. 1. gr., fyrir nafnverð.
4. Við 6. gr. Framan við greinina komi:
Umsóknir um lán samkv. lögum þessum skulu sendar veðdeildinni fyrir 1. jan. 1962.